

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Dagsetning	26.09.2016
Skjalnúmer	00.10.1
Skjalnúmer	1609367

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 22. september 2016

Umsókn um styrk til Bæjarstjórnar Garðabæjar

Erindi:

Stjórn Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu leitar hér með til bæjarstjórnar Garðabæjar í von um styrk til starfsemi sinnar í þágu fatlaðra af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Það er einlæg ósk okkar að þið sjáið ykkur fært að styrkja félagið um 150 þúsund krónur við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2017

Um starfsemi félagsins:

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu rekur skrifstofu og félagsheimili að Hátúni 12. Félagsheimilið er ákaflega vel sótt og skrifstofan einnig en til okkar sækja bæði félagsmenn sem og aðrir fatlaðir einstaklingar.

Mikið er leitað til skrifstofunnar eftir allskonar upplýsingum og er reynt að hjálpa öllum eftir fönnum. Einnig er mikið leitað til Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu og ýmsar ráðleggingar um málefni fatlaðra, sérstaklega hvað varðar réttindamál fatlaðra. Mikið hefur verið leita til okkar vergan ferðaþjónustu fatlaðra frá því í nóvember 2014, og sér því miður ekki fyrir enda á því stóra máli.

Skrifstofan hefur um árábil, í samvinnu við ÍTR, séð um útgáfu afsláttarkorta sem veita öryrkjum og þeim sem samkvæmt læknisráði þurfa að stunda sund, frítt í laugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fá handhafar kortanna frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Félagsheimilið er opið þrjú til fimm kvöld í viku. Einnig eru haldin mörg námskeið og eru þau vel sótt af félagsmönnum og öryrkjum hér úr nágrenninu, (ÖBÍ húsunum). Í sumar var stofnaður þrjónaklúbbur (fönður) þar sem koma saman konu jafnt sem Karlar, og er þetta vel sótt, verður

Þetta í boði í félagsheimili okkar Hátúni 12 alla þriðjudag og fimmtudag í vetur. Einnig erum við aðilar að Samveru og súpu en það er samvinnuverkefni sem snýst um að einstaklingar sem búa við félagslega einangrun geti komið saman og fengið um leið ódýra máltíð.

Hin árlega hlutavelta og kaffisala Sjálfsbjargar er haldin fyrstu helgina í desember og er alltaf ákaflega vel sótt. Að undirbúningnum koma eingöngu sjálfboðaliðar, félagsmenn í Sjálfsbjörg og leggja fram ómælda vinnu til að allir megi gera sér glaðan dag .

Undanfarin ár hefur verið haldinn Haustfagnaður í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra og tekist afskaplega vel og færri komist að en viljað, einnig er árlega haldið þorablót við góðan orðstír.

Aðalfundur er haldinn að vori samkvæmt lögum félagsins, þar eru endurskoðaðir reikningar lagðir fram, kosið í stjórn og nefndir og önnur aðalfundarstörf. Einnig eru haldnir almennir félagsfundir tvisvar til þrisvar á ári með fræðslu og uppbyggilegu umræðuefni eða málefnum líðandi stundar.

Ritnefnd gefur út Sjálfsbjargarfréttir 1 sinnum til 3 sinnum á ári, eitt stórt blað og einn til tvo einblöðunga með upplýsingum um félagsstarfið og annað fróðlegt efni fyrir félagsmenn.

Félagið er ekki á föstum fjárlögum og þarf því að treysta á velvilja bæjarfélaga, fyrirtækja og almennings til að geta haldið starfsemi sinni gangandi.

Opið er í Krika , sem er sumarhús okkar við Elliðavatn, alla daga sumarsins og er hann mannaður með sjálfboðaliðum svo félagsmenn sem koma til að veiða eða stunda einhverskonar útiveru hafa aðstöðu til að setjast inn, fara á snyrtingu, borða nestið sitt eða bara hvíla sig. Það er orðinn fastur liður að hafa hátíð í Krika um Verslunarmannahelgina og einnig sjá sjálfboðaliðar um að hafa bátadag einu sinni að sumri.

Kriki er þó nokkuð notaður af öðrum en okkar félagsmönnum, t.d. hafa ýmis sambyli, geðfatlaðir, klúbburinn Geysir og aðrir einstaklingar og/eða hópar fengið húsið lánað til að geta nýtt þá einu aðstöðu sem í boði er fyrir fatlaða að geta notið útiveru þar sem aðstaða er með góðu aðgengi. Það er gaman að segja frá því að í sumar var en eitt metið í komu gesta í Krika slegið. Enda er Kriki “ PARADÍS Á JÖRD ”, eins og gestir Krika segja.

Eins og komið hefur fram þá er mikil starfsemi á vegum Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og mæðir töluvert á stjórn félagsins. Án sjálfboðavinnu þeirra væri ekki hægt að reka jafn öfluga starfsemi og nú er.

Einungis einn launaður starfsmaður vinnur á skrifstofu og er hann í hlutastarfi.

Hér að ofan eru talin upp helstu verkefni okkar en þau eru mun fleiri eins og gefur að skilja, það er því ljóst að mikil starfsemi og gróska er í félaginu og öll rekin í sjálfboðavinnu.

Virðingarfyllt

Anna Kristín Sigvaldadóttir

fh. Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu

Anna Kristín Sigvaldadóttir

Skrifstofustjóri